
Deiliskráning á Hvolsvelli: Kirkjuhvolsreitur



Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Fornleifastofnun Íslands

Reykjavík 2021

FS829-20352



Forsíðumyndin er af túngarði RA-255:059 horft er til norðvesturs.

Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

©2021

Fornleifastofnun Íslands ses

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Skýrsla þessi fjallar um skráningu fornminja á tæplega 5 ha stóru deiliskipulagssvæði innan svokallaðs Kirkjuhvolsreits á Hvolsvelli, Rangárþingi eystra. Fornleifaskráningin var unnin að beiðni sveitarfélagsins vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda við hjúkrunarheimilið Kirkjuhvol. Skráningin var unnin í júní 2020 og innan marka deiliskipulags voru skráðar 12 minjar sem allar voru metnar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Minjarnar eru allar innan marka þess landssvæðis sem heyrði undir lögbýlið Stórólfshvol.

Efnisorð: Fornleifaskráning, deiliskráning, Hvolsvöllur, Rangárþing eystra, Fornleifastofnun Íslands, Stórólfshvoll

Summary

This report presents the findings and conclusions of a detailed survey carried out within a 5 ha area in the town Hvolsvöllur in Rangárþing eystra, south Iceland. The survey was commissioned by the municipality who are planning building construction in the area. In all 12 archaeological sites were surveyed, all of them assessed to be at a high risk because of the planned construction work. All of the sites belong to the farm Stórólfshvoll.

Keywords: Archaeology, detailed survey, Hvolsvöllur, Rangárþing eystra, Institute of Archaeology in Iceland, Stórólfshvoll




Efnisyfirlit

1. Inngangur	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	11
4. Fornleifaskrá	13
RA-255 Stórólfshvoll	13
RA-261 Magrivöllur	18
5. Samantekt um sögu svæðisins og landshætti	20
6. Helstu niðurstöður	22
Heimildaskrá	23
Viðauki I: Hnitaskrá í ISN93	25
Viðauki II: Minjakort	26

1. Inngangur

Í júní 2020 hafði skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra samband við Fornleifastofnun Íslands ses og fór þess á leit að stofnunin tæki að sér skráningu fornleifa innan 5 ha deiliskipulagsreits sem kallast Kirkjuhvolsreitur. Deiliskipulagssvæðið er að mestu innan heimatúns jarðarinnar Stórólshvols, fast austan við byggðina á Hvolsvelli. Fyrirhugað er að stækka hjúkrunarheimilið Kirkjuhvol sem þar standur og einnig að reisa raðhús innan marka reitsins.

Fornleifastofnun Íslands aðalskráði minjar á Hvolsvelli og nágrenni árið 2004 en þá voru skráðar 9 fornleifar innan þessa deiliskipulagssvæðis.¹ Sökum ráðagerða um framkvæmdir á reitnum og deiliskipulagsvinnu gerði Minjastofnun kröfu um að reiturinn yrði rannsakaður frekar, hann þaulgenginn í leit að minjum og allar minjar innan marka hans mældar upp.



Kort af skráningarsvæðinu. Minjarnar eru sýndar sem rauðir punktar en afmörkum deiliskráningarreitsins sem hvít lína.

Svæðið var deiliskráð í júní 2020. Við vettvangsskráningu var gengið kerfisbundið um allt úttektarsvæðið og leitað að minjum. Kerfisbundnar göngur leiddu í ljós 12 fornleifar á 11 minjastöðum. Um vettvangsskráningu, úrvinnslu og skýrslugerð sá Ragnheiður Gló Gylfadóttir, fornleifafræðingur.

¹ Guðrún Alda Gísladóttir, 2004.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um þá aðferðafræði sem notuð var við úttektina og í þeim fjórða er svo að finna sjálfa fornleifaskráninguna. Í henni er að finna upplýsingar um allar þekktar minjar innan deiliskipulagsreitsins. Í fimmta kafla skýrslunnar er samantekt um sögu svæðis og landshætti á deiliskipulagssvæðinu og í lokakafla hennar er umfjöllun um fornleifar innan deiliskipulagsmarka og helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá, hnitaskrá yfir alla minjastaði og kort sem sýna rannsóknarsvæðið og þær fornleifar sem fundust innan þess.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanfórnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-255:001). Ef fleiri fornleifar eru á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: RA-255:001_1). Þær minjar sem skráðar voru innan deiliskipulagsreitsins tilheyra jörðunum Stórólfshevoli RA-255. Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um minjar sem eru innan deiliskráningarsvæðisins, af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld.


Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar voru allir minjastaðir uppmældir. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina fundnar minjar innan marka

áhrifasvæðis „stórhættu vegna framkvæmda“. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða. Það er þó ljóst að hægt ætti að vera að hlífa mörgum minjastaðanna sé tillit tekið til fornleifa á deiliskipulagsstigi. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar.

Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innamáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólíf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innamáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfin virðast vera samtengt en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Hætta sem steðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í,
nánari færsla í heimildaskrá

Dæmi um skráningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

4. Fornleifaskrá

RA-255 Stórolfshvoll

Sögulegt yfirlit

Í Landnámu er getið Stórolfs sem bjó á Hvoli. ÍF I, 355.

c. 1200: Jarðarinnar getið í kirknaskrá Páls biskups. DI XII, 6.

1271: Jörðin nefnd í samningi Árna biskups Þorlákssonar við Steinvararsyni. DI II, 92.

1332: Máldagi kirkjunnar. „Mariu kirkia oc hins heilaga olafs at huale nedra a prestz skyld j heima landi. dufþaks hollt. v. kugilldi uis nema framar profuizt.“ DI II, 689-690

1367: Máldagi kirkjunnar. „Mariukirkia a Nedrahuole og hinz h[eilaga] olafs a Preatskyld j heima lande. dufþaksholltt. viij kugillde, les vilchinsbok þui þad ber allt samann.“ DI III, 217

1397: Máldagi kirkjunnar. „Mariukirkia oc hins heilaga Olafs ad Nedra Hvole a prestskyld i heimalandi. Dufþaksholltt Viij- kugilldi. Heimamanna tiund oc gröptur oc lysitollur oc af .xij. bæinum odrum. oc allri skyldu. Enn or Laugagierdi ounur misseri. Item gaf Jon fra Efra Hvoli .c. vöru i salugjöf. Hun a.v. manna messuklædi oc .vij. hokla. V alltaraklædi með dukum. kantara kapur iij. oc ein med silfur fljngiu. fontklædi. sacrarium mvnnlaug. Glodarkier oc vattzkietill. Sloppa ij. Kaleika ij. Textum Evangeliorum buinn med silfur. Cc. j bokumm. kluckur vj oc biollu eina. krossa .iij. lykneski vij oc Mariuskript. tiolld vm alla kirkiu. Glergluggar v. watzkall rifinn. jarnstiku stora oc krokstikur .v. tuær med kopar. bryk yfer alltari. baksturjarn. Þadan skal syngia annann hvern dag helgann til Efra Hvóls.“ DI IV, 83.

Um 1480: Máldagi kirkjunnar. „Mariu kirkia oc hins heilaga olafs kongs. at nedra huoli a Prestskyld j heima landi. dufþaks holltt. viij, kugilldi. heima manna tiund. groptur oc lysitollur. oc af xij bæium odrum j allri skyldu. enn or langagerdi onnur huer missere. jtem (gaf) jon fra efra huoli c. voru j sælugjöf. hun ij kapur godar. [oc einn slopp. ein messuklædi oc onnur lettare oc messuserkur laus. v hoklar lauser eru ij vonder. iij alltaris klædi med glitutum dukum. pax spiolld sæmilig oc ij. lettari. v. koparstikur. ampli med glodar ker. kalekur forgylltur. oc annar og ylltur oc brakadur. ij alltaris ateinar. ij burdar stikur. einar stolur lausar. skirnar saar. vatzketill. lectari oc dukur þar a til ij kaleks hus. iij psalltarar. leabok de sanctis per anni circittlum. alltarisbok, aequeutiu bok. graduale vondur a sumared. lesbok aa veturinn de tempore til palrasunudags. miasale de tempore oc de sanctis per anni circulum. brestur til graduale de sanctis aa veturinn. ottusonguabok a sumaret de tempore oc de sanctis fra trinitatis deigi til aduentu. lesbok fra de trinitatis til aduentu. kirial processionale. ottusonguabok fra niu vikna postu til paska de tempore. de tempore bok fra paskum til aduentu. matutinale handbokbrikk yfer alltari oc kross. jons likneski baptiste. andres skriptt. mariu skriptt. olafs skriptt. þorlaks likneski oc peturs. katrinar likneski oc kross med vndirstodu. Porcio ecclesie vmm ix dar a medan Einar heitinn hialftt fiorda hundrad. Jtem a einu are er cecilia hiallt. iij. voder oc xv alnar vadmals betur, Var giortt ofann a kirkiuna .xxx. hundrada. Jtem brestur stora jarnstiku oc iij kolfua j kluckurnar er Einar heitinn fargadi, Jtem brast eina silfur fljngiu. Þadan skal syngia annann huern dag helgann til efra huols.“ DI VI, 327-328.

1500: Jörðin Vindás í Hvólhrepp er í Hvolskirkjusókn. DI VII, 484

1553: Máldagi kirkjunnar. „Kirkian ad Huoli nedra a prestzskýld j heimalandi. hun a Dufþaksholt. Midkrika oc Diupadal helming fiour fyrer Fitia landi motz vid Skalholtz kirkiu v. kýr. v asaudar kugildi. iij gelldfiar hundrat. oc iijo j koplum. jtem jnnan kirkiu ij messuklædi. alfær. Kantara kapa. einn alltaris buning. kalek. skruda kistu. metaskaler. ij kluckur. nockrar rotnar skrædur. Þar liggia til xj bæier. oc fellur nærri x aurum. kirkia biarglig.“ DI XII, 651-652.

1575: Máldagi kirkjunnar. „Kirkjan á hálfan reka við Skálholts dómkirkju fyrir Fitjarlandi í Eystri Landeyjum. Hún á og tvö skógarítök í Næfurholts landi, eru kölluð Hvols skógar. Er annað ítakið af blásturssandi foreytt og að engu gagni, hitt að litlu til kolagjörðar, hefur því grandað yfirfall af vikri úr Heklu, hvar af skógurinn visnar upp, þar með hefur hann og eyðst fyrir yrkinga manna smám saman.“ DI XV, 666-667.

1709 er talað um eyðibýlatóftir í Djúpadal. Aðrar hjáleigur eru Gata, Kornhús, Stóragerði, Litlagerði, Króktún, Þinghóll, JÁM I, 216-219. Síðar voru í byggð Ormsvöllur og Magrivöllur. SB IV, 532.

Landkostir og tún

1703: Jarðadýrleiki 80 hdr. JÁM I, 216.

1847: 40 hdr, með hjáleigum 80 hdr. JJ, 35.

Túnakort 1917: Tún 10,7 ha, þar af 4 ha slétt, garðar 2085 m². „Engjar frá Stórolfshvoli voru á Þverárbökkum sunnan Dufþekju,” segir í SB IV, 490.

“Land jarðarinnar er víðlent, liggur til vesturs allt að Eystri-Rangá, að mestu leyti þurrir valllendis- og lyngmóar, prýðisgóðir til ræktunar. Nú hefur mikill hluti landsins verið tekinn undan jörðinni, undir graskögglaferksmiðju og undir þéttbýlið á Hvolsvelli.” SB IV, 490. Hvolsvallarkauptún er byggt í landi Stórólshvols og Króktúns. SB IV, 532.


RA-255:001_1 Stórólshvoll bæjarhóll bústaður

A 440149 N 361482

Stórólshvolsbær stóð á hól eða hjalla neðan Húsadals u.þ.b. 40 m norðan við Stórólshvolskirkju. Á grunni þess var síðar reist sjúkraskýli og er það sýnt á túnakorti frá 1917. Sjúkraskýlið var tengt gamla læknisbústaðnum 005 með göngum. Safnaðarheimili er í bæjarhólnum, sunnan bæjarstæðisins.

Bratt er suðvestur af hólnum eða hjallanum sem bæjarhúsin stóðu á, en búið er að raska bæjarhólnum mjög mikið. Þar sem bærinn stóð er nú slétt grasflöt, norðan við safnaðarheimilið. Bæjarhúsin stóðu u.þ.b. á miðjum hólnum. Neðan bæjarstæðisins, (vestan þess) liggur malarvegur upp að safnaðarheimili og upp á malarborið útsýnis- eða snúningsplan sem er á norðanverðu bæjarstæðinu.

Í Sýslu- og sóknalýsingum, segir: »Heldur eru bær í sóknunum [Stórólshvols-og Siglufíkursóknum] óreisulegir og illa húsaðir nema á Stórólshvoli.» »Skólahald hófst í Hvolhreppi fljótlega eftir að fræðslulögin tóku gildi. Kennnt var í þinghúsi hreppsins sem stóð norðan við kirkjugarðinn milli kirkjunnar og sjúkraskýlisins, en það stóð þar sem nú er læknisbústaðurinn [þ.e. 1982, en er horfinn 2004],» segir í Sunnlenskum byggðum. Gamli bærinn stóð á hól með aflíðandi brekku mót suðri og suðvestri. Búið að byggja a.m.k. þrisvar á staðnum sem bærinn stóð á. Árið 1910 stóð enn tveggja bursta torfbær á hólnum en 1917 (túnakort) var komið þar sjúkraskýli, tvílyft hús og að öllum líkindum með steinsteyptum kjallara. Innangengt var úr sjúkraskýlinu yfir í gamla læknisbústaðinn með göngum. Síðar var enn byggt hús á hólnum, nýr læknisbústaður sem var stórt, tveggja hæða hús. Öll þessi hús eru nú horfin sem og öll ummerki um þau. Safnaðarheimili var byggt árið 2003. Við það var hluti bæjarhólsins fjarlægður og gerður hvammur inn í bæjarhólinn suðvestanverðan. Að auki hefur verið grafin rotþró í sjálfan hólinn. Á ljósmynd frá 1910 (SB IV, 487) sést að kálgarður var í brekkunni framan við bæinn og á túnakorti frá 1917 er kálgarðurinn merktur inn á sama stað, fyrir framan sjúkraskýlið og gamla læknisbústaðinn. Þar sem kálgarðurinn var er malarborin vegur, sem var heimreið heim að “nýja” læknisbústaðnum (sem nú er horfinn) en nú er þar aðkoma að safnaðarheimilinu. Neðan vegarins er aflíðandi grasi gróin brekka niður á flatlendið, Öldubakkana þar sem kaupúnið stendur. Bæjarhóll Stórólshvols hefur orðið fyrir miklu raski vegna byggingarframkvæmda og við vettvangsathugun



Deiliskráningarreiturinn er að mestu innan heimatúns Stórólshvols líkt og hér sést. Skráðir minjastaðir eru sýndir ásamt Bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1907 á myndinni. ©Landmælingar Íslands.

2004 fundust mannvistarleifar í flaginu þar sem rotþróin var sett niður. Suðurhluti bæjarhólsins er inni á aðalskipulagi þar sem svæði fyrir þjónustustofnanir er fyrirhugað og er því bæjarstæðið í stórhættu vegna frekari framkvæmda.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917; SB IV, 487; SSR, 125



Bæjarhóll RA-255:001, horft til norðausturs.

RA-255:001_2 heimild kálgarður

A 440124 N 361477

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1917 var kálgarður vestan við bæjarhólinn, í brekku sem hallar til vesturs. Þar er nú gróið, slétt svæði og öll umerki kálgarðsins horfin af yfirborði.

RA-255:002 kirkjugarður kirkja

A 440145 N 361430

Kirkja hefur frá öndvegi verið í landi Stórólshvols. Kirkjan er sunnan undir Hvolsfjalli, ofan kaupþúnsins. Kirkjan er u.þ.b. 40 m suður frá bæjarstæði Stórólshvols 001.

Kirkjan stendur á sléttri flöt innan ósléttaðs kirkjugarðs. Kirkjugarðurinn er í brekku mót suðri og suðvestri. Þýfð mýri er sunnan undir garðinum.

NEÐRI HVOLL Í HVOLHREPPI (R) -Maríu, Ólafi

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII, 6.

1332: nedra huol. Gamall maldagi. Mariu kirkia oc hins heilaga olafs at huale nedra a prestz skyllð j heima landi. dufþaks hollt. v. kugilldi uis nema framar profuizt. heima manna tijund. oc groptur oc lysitollar. oc af xij bæium odrum j allre skylldu. enn or langagerdi onnur huer missere. Jtem gaf ion fra efra huali. kirkiunni hundrat voru. j salugiof. fru þuridur aa at giallda kirkiunni kugillde firir ku þa er hun selldi fra kirkiunni. hun a v. manna messu klædi oc vij hokla. v. alltara klædi med dukum. kantara kapur iij. oc ein med sylfur flingiu. fontklædi. sacrarium munnlaugh. glodarker oc vatzketil. sloppa ij. kaleika ij. textum euangeliorum buinn med silfur. cc. j bokum. kluckur vj. oc biollu eina. krossa iij. likneski vij. oc mariu skriftt. tiolld vmm alla kirkiu. glergluggar v. vatzkarl rifinn. jarnstiku stora oc krokstikur. v. kertistikur ij med kopar. brik yfver alltare. Baksturjarn. þadan skal syngia annann huern dag helgann til efra huaals oc taka ij merkur. tekur prestur heima iiij. merkur. Jtem ij c j flytianda eyri. DI II, 689-690.

1367: xx. Mariukirkia a Nedrahuole a prestskyllð j heima lande. dufþaksholltt. viij kugillde. les vilchinsbok þui þad ber allt saman; Hítardalsbók. DI III, 217.

1397: a prestskyllð j heimalandi. Dufþakshollt. Heimamanna tiund oc groptur oc lysitollur oc af .xij. bæium odrum. oc allri skylldu. Enn vr Langagerdi onnur hver misseri. Jtem gaf Jon fra Efra Hvoli .c. voru j salugiof. þadan skal syngia annann hvern dag helgann til Efra Hvols. DI IV, 83.

Um 1480: Huol. Mariu kirkia oc hins heilaga olafs kongs. at nedra huoli a prestskyllð j heima landi. dufþaks hollt. viij. kugilldi. heima manna tiund. groptur oc lysitollur. oc af xij bæium odrum j allri skylldu. enn or langagerdi onnu huer missere. jtem [gaf] jon fra efra huoli c. voru j saalugiof. hun aa ij kapur godar. oc einn slopp. ein messuklædi god. oc onnur lettare oc messuserkur laus. v. hoklar lauser oc eru ij vonder. iij alltaris klædi med glitudum dukum. pax spiolld sæmilig oc ij. lettari. v. koparstikur. ampli med tin. glodar ker. kalekur forgylltur. ocannar ogylltur oc brakadur. ij alltaris steinar. ij burdar stikur. einar stolur



Kirkja RA-255:002, horft til norðausturs.

lausar. skirnar saar. vatzketill. lectari oc dukur þar a til. ij kaleks hus. iij psalltarar. lesbok de sanctis per anni circulum. alltarisbok. sequentiu bok. graduale vondur a sumarid. lesbok aa veturinn de tempore til palmasunnudags. missale de tempore oc de sanctis per anni circulum. brestur til graduale de sanctis a veturinn. ottusonguabok a sumaret de tempore oc de sanctis fra trinitatis deigi til aduentu. lesbok fra de trinitatis til aduentu. kirial. processionale. ottusonguabok fra niu vikna fostu til paska de tempore. de tempore bok fra paskum til aduentu. matutinale handbok. brijk yfer alltari oc kross . jons likneski baptiste. andres skriptt. mariu skriptt. olafs skriptt. þorlaks likneski oc peturs. katrinar likneski oc kross med vndirstodum. ij merki. glitadur dukur yfer kosse oc annar yfer alltari. tiolld vmm kor. sæmiligur hialmur. skruda kista vond. kistill ed helgum domum. teikn buid med silfur. vj jarnstkur. vj. kluckur. Jtem gefid eitt alltaris klædi. Porcio ecclesie vmm ix aar a medan Einar heitinn hiełłtt halftt fiorda hundrad. Jtem a einu are er cecilia hiełłt. iij. voder oc xv alnar vadmals betur. Var giortt ofnn a kirkiuna .xxx. hundrada. Jtem brestur stora jarnstiku oc iij kolf a j kluckurnar er Einar heitinn fargadi. Jtem brast eina silfur flingiu. Þadan skal syngia annann huern dag helgann til efra huols. DI VI, 327-328; [AM 263 fol, bl. 39-40; Þjsks Bps A II, 1, bl. 124a - Einar Ormsson á Hvoli dó 1470].

1500: Jöðin Vindás í Hvolhrepp er í Hvolskirkjusókn. DI VII, 484

1553: Máldagi kirkjunnar. DI XII, 651-652.

1575: Máldagi kirkjunnar. DI XV, 666-667.

1709: Kirkjustaður. Er hjer embættisgjörð framin annan hvern helgan dag mót við Skúmstaða kirkju; JÁMI, 216.

1859: Stórólshvolsprestakall lagt niður og sóknin lögð undir Keldur. PP, 62 [bréf stiftsyfirvalda].

1930: Gamla timburkirkjan rifin og ný reist á grunninum staðinn. Endurbætt 1955. SB IV, 486-487. Garðurinn er ferhyrningslaga en óreglulegur. Kirkjan og garðurinn eru merkt inn á túnakort frá 1917 og af því að dæma var garðurinn þá með svipuðu sniði og nú, en heldur minni, munar u.þ.b. 10 m til austurs. Var þá um 40 x 30 m en er nú um 50 x 30 m. Árið 1917 var vesturhlíð og suðurhlíð um 30 m langar eins og nú. Núverandi kirkja snýr norðvestur-suðaustur og er hún í miðjum kirkjugarðinum. Kirkjugarðurinn er ósléttadur og umhverfis hann er girðing utan þess að vesturveggur var nýlega hlaðin úr hraungrýti. Tré eru víða í garðinum og trjábelti með suðurhlíð. Garður og kirkja eru í fullri notkun.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: DI XII, 6; DI II, 689-690; DI III, 217; DI IV, 83; DI VI, 327-328; DI XII, 651-652; DI XV, 666-667; PP, 62; Túnakort 1917; JÁMI, 216; SB IV, 486-487

RA-255:003 Barnaskólinn þinghús

A 440164 N 361458

“Skólahald hófst í Hvolhreppi fljótlega eftir að fræðslulögin tóku gildi. Kennt var í þinghúsi hreppsins sem stóð norðan við kirkjugarðinn milli kirkjunnar og sjúkraskýlisins, en það stóð þar sem nú er læknisbústaðurinn [1982, en er nú horfinn],” segir í Sunnlenskum byggðum. Á túnakorti frá 1917 er merkt hús norðan við norðausturhorn kirkjugarðsins. Þessi staður er u.þ.b. 4-5 metra ofan núverandi safnaðarheimilis og þar stóð þinghúsið/gamli barnaskólinn en engin ummerki sjást um hann nú. Húsið stóð á austurhluta bæjarhóls Stórólshvols.

Sléttad, grasivaxið svæði. Búið er að planta trjám við kirkjugarðinn sem og meinta staðsetningu skólans. Ekki sést til fornleifa á yfirborði. Suðurhluti bæjarhólsins er inni á aðalskipulagi þar sem svæði fyrir þjónustustofnanir er fyrirhugað og er því staðurinn í stórhættu vegna frekari framkvæmda.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917; SB IV, 478

RA-255:004 heimild um útihús

A 440172 N 361468

Á túnakorti frá 1917 er sýnt hús norðaustan við norðausturhorn kirkjugarðs 004. Hús þetta stóð fast ofan barnaskólans og var á bæjarhól Stórólshvols. Suðurhluti bæjarhólsins er inni á aðalskipulagi þar sem svæði fyrir þjónustustofnanir er fyrirhugað og er því staðurinn í stórhættu vegna frekari framkvæmda. Ekki er vitað um hlutverk útihússins.

Sléttad, grasivaxið svæði. Búið er að planta trjám við kirkjugarðinn sem og meinta staðsetningu skólans. Ekki sést til fornleifar á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

RA-255:005 Gamli læknisbústaðurinn heimild um bústað

A 440156 N 361467

Á túnakorti frá 1917 er sýnt hús fremst á bæjarhól Stórólshvols og kálgarður neðan við. Þar stóð gamli læknisbústaðurinn og var hann tengdur sjúkraskýlinu, sem var reist á grunni gamla Stórólshvolsbæjar 001, með göngum. Gamli læknisbústaðurinn sést á ljósmynd frá 1910 (sjá Sunnlenskar byggðir). Gamli

læknisbústaðurinn stóð á suðaustanverðum bæjarhól Stórólshvols.

Á þessum stað er nú sléttuð flöt, þökulögð og gróin. Á flötinni eru tré á brekkubrúninni. Þaðan er brekka niður að malarborinni heimreið að safnaðarheimilinu. Ofar rís Hvolsfjall.

Gamli læknisbústaðurinn var tvílyft timburhús. Öll ummerki byggingarinnar eru horfin. Suðurhluti bæjarhólsins er inni á aðalskipulagi þar sem svæði fyrir þjónustustofnanir er fyrirhugað og er því staðurinn í stórhættu vegna frekari framkvæmda.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917; SB IV, 487

RA-255:006 heimild um útihús

A 440146 N 361499

Á túnakorti frá 1917 er sýnt stórt hús 50 m norðan við sjúkraskýlið, sem var reist á grunni gamla bæjarins í Stórólshvoli 001. Þar stóð útihús.

Á norðanverðu bæjarstæðinu er nú sléttuð flöt og malarborinn vegur. Húsið hefur staðið fast undir klettunum.

Öll ummerki byggingarinnar eru horfin. Þar stóð a.m.k. hlaða samkvæmt Hrafnkatli Helgasyni, sem ólst upp á Stórólshvoli. Hlöðuna má sjá á ljósmynd frá 1910 í Sunnlenskum byggðum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917; SB IV, 487

RA-255:007 Húsadalur tóft fjárhús

A 440172 N 361489

Inn á túnakorti frá 1917 er merkt útihús 20 austur af bæ 001 og um 60 m norðaustur frá kirkjunni 002. Þar er tóft norðan megin í dalverpi, Húsadal, sem liggur austan (fremur en suðaustan) bæjarstæðis, beint upp af safnaðarheimili. Í athugasemdum við örnefnaskrá Hvolsvallar segir: "...Húsabjalli næst frá bæ. Fjósadalur er þar norðan við. Húsadalur er suðaustan við íbúðarhúsið. Hrafnabjalli er norðan við Fjósadal."

Húsadalur er þröngt en gróið dalverpi. Að sunnan rís hár gróinn bjalli, Ekra.

Tóftin er 6 x 5 m stór, snýr norðaustur-suðvestur og er mjög sigin. Hún er á smábjalla og myndar klettur norðausturvegg hennar. Veggir eru um 1 m breiðir og hleðsluhæð 0,4 m, ekki sést grjót í hleðslum. Suðvesturgafi er ólglöggur en op er á honum til norðvesturs. Fremur bratt er niður af tóftinni á alla vegu. Samkvæmt Hrafnkatli Helgasyni voru þarna fjárhús eða lambhús.



Útihús RA-255:007, horft til vesturs.



Uppmæling af tóft RA-255:007.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Hvolsvöllur athugasemdir, 1

RA-255:026 Heygarðsbjalli Tóft heygarður

A 440148 N 361519

"...djúpur dalur, heitir Fjósadalur [sjá Fornufjós 009], þá [sunnar] Heygarðsbjalli.", segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt örnefnalýsingu er Heygarðsbjalli norðarlega í Bjallanum sem er ofan Stórólshvols. Hrafnkell Helgason, sem ólst upp á Stórólshvoli, kannast ekki við örnefnið en hinsvegar var heygarður norðan við útihús 006 og gæti bjallinn hafa verið nefndur Heygarðshjalli þess vegna, a.m.k. um tíma. Heygarðurinn var u.þ.b. 60 m norður af bæ 001.

Grasi gróið er norðvestan undir Bjallanum en fast sunnan við er malarbórið plan, sem er á norðanverðu bæjarstæðinu (sjá 001).

Tóft sést í brekkurótum, líklega syðst í heygarðinum. Hún er 4,5x2,5 m að stærð, snýr norður-suður og



Tóft RA-255:026, horft til norðurs.



Uppmæling af tóftinni.

brekka afmarkar austurhlið. Tóftin er opin til austurs, veggirnir eru 0,3 m á hæð og algrónir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 3

RA-255:059 garðlag túngarður



Túngarður RA-255:059, horft til norðvesturs.

A 440153 N 361538

Túngarður sést liggja niður Fögrubrekku norðan við útihús 006 og heygarð 026. Hann gæti hafa verið hluti af heygarðinum en öll tengsl þar á milli eru horfin. Túngarðurinn liggur niður brekkuna til norðvesturs í miklum halla.

Fagrabrekka er um 10-20 m há, brött og algróin.

Túngarðurinn er 14x1 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og ekki sýndur á kortum. Hann er 0,4 m á hæð og algróinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-255:060 heimild um traðir

A 440121 N 361427

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1904 og túnakorti frá 1919 lágu traðir að bænum úr suðvestri og tengdust þjóðleiðum utan túns. Þær lágu á svipuðum stað og núverandi vegur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1917

RA-261 Magrivöllur

Hjáleiga Stórólfsþvols, stofnuð 1829 samkvæmt Sýslu- og sóknalýsingum Rangárvallasýslu. SSR, 129. Hjáleigan var komin í eyði fyrir síðustu aldamót en rústirnar kölluðust þá Birga og túnið í kring Birgittarvöllur. SB IV, 491 og Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 2.

RA-261:001 Magrivöllur Birga bæjarstæði bústaður

A 439998 N 361363

“Neðan við bæinn [Stórólfsþvol, RA-255:001] eru enn gamlar bæjartættur, Birga, sem Birgittuvöllur er kenndur við.” segir í örnefnalýsingu. “Birgitarvöllur er þar sem íbúðarhús bóndans á Stórólfsþvoli er nú,” segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Birga stendur við Hvolströð, 200 m suðvestur frá bæjarstæði Stórólfsþvols 001.

Umhverfis Birgu er rennislétt gróinn lóð og trjábelti með lóðamörkum.

Að öllum líkindum eru Magrivöllur og Birga einn og sami staðurinn. Í Sýslu- og sóknalýsingum frá

1839 segir: “Magrivöllur. Hjáleiga og nýbýli frá Stórólshvoli, byggt fyrir 10 árum.” Á uppdrætti af bæjum Stórólshvols-og Sigluvíkursóknum úr Sýslu-og sóknalýsingum Rangárvallasýslu er Magrivöllur staðsettur rétt neðan Stórólshvols. Magravallar er getið í Jarðatali Johnsens frá árinu 1847. Þar sem tættur af Birgu voru stendur nú íbúðarhús. Þar voru tættur í minni Hrafnkels Helgasonar sem ólst upp á Stórólshvoli. Að hans sögn voru tættur handsléttar en hóllinn sem eftir stóð var síðar alveg eyðilagður þegar íbúðarhúsið á Stórólshvoli var byggt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 3;
Ö-Hvolsvöllur athugasemdir, 1; JJ, 35



Íbúðarhús var byggt árið 1961, yfir Magravelli RA-261:001. Horft er til suðurs.

5. Samantekt um sögu svæðisins og landshætti

Hvolsvöllur er byggður úr landi jarðarinnar Stórólshvols og hjáleigum hennar², að stórum hluta eftir 1930. Að auki nær þéttbýlið að hluta yfir jarðirnar Miðkrika, Vestari-Garðsauka, Garðsaukahjáleigu og Eystri-Garðsauka.

Árið 2004 vann Fornleifastofnun Íslands aðalskráningu fornleifa á Hvolsvelli fyrir sveitarfélagið í tengslum við endurskoðun aðalskipulags og voru þá rúmlega 100 minjastaðir skráðir. Á síðustu árum hafa fengist viðbótarupplýsingar um minjar innan þéttbýlisins vegna ítarlegri fornleifaskráninga og könnunarskurða sem unnin hafa verið vegna framkvæmda.³ Hér fyrir neðan verður stiklað á stóru í sögu Stórólshvols og Hvolsvallar út frá fyrirbyggjandi heimildum.

Jarðarinnar Stórólshvols er fyrst getið í Landnámabók. Þar kemur fram að Ketill hængur hafi numið öll lönd milli Þjórsár og Markarfljóts, einkum landið milli Rangár og Hróarslækjar allt fyrir neðan Reyðarvatn og bjó að Hofi. Hann nam einnig öll lönd fyrir austan Rangá eystri og Vatnsfell til lækjar þess er fellur fyrir utan Breiðabólstað allt fyrir ofan Pverá, nema Dufþaksholt og Mýrina en það land gaf hann. Mestu af landi sínu skipti Hængur milli barna sinna og Stórólfs Hængssonar á Hvoli.⁴

Fremur lítið er vitað um þróun byggðar á Stórólshvoli og í næsta nágrenni fram eftir öldum. Stórólshvolskirkja er nefnd í kirknatali Páls biskups Jónssonar, frá því um 1200 en almennt koma jarðir í Hvolhreppi ekki mikið við sögu í öðrum miðaldarskjölum en máldögum.⁵ Stórólshvoll hefur þó lengst af haft mikla yfirburði yfir nágrannajarðir hvað dýrleika, umfang og fjölda býla varðar. Jörðin sjálf var talin 40 hdr að fornu mati en með öllum hjáleigum var hún samtals metin á 80 hdr í Jarðabók Árna og Páls frá byrjun 18. aldar.⁶ Sóknarkirkjan var á Stórólshvoli en útkirkjur á Völlum, Efra-Hvoli og Velli og bænhus á Móeðarhvoli. Þingstaður hreppsins var einnig á Stórólshvoli, og í byrjun 20. aldar var þar lækni- og sjúkraskýli og barnaskóli. Þrátt fyrir að nokkur fjöldi hjáleiga hafi verið í kringum Stórólshvol, var almennt minni hjáleigubbyggð í Hvolhreppi en víða annarsstaðar í Rangárvallasýslu. Flestar hjáleigurnar í kringum Stórólshvol byggðu á gömlum merg og höfðu verið í byggð lengur en elstu menn mundu árið 1703.⁷ Á 19. öld byggðust hins vegar upp fjórar nýjar hjáleigur; Norðurgarður, Ormsvöllur, Magrivöllur og Þinghólsgil en allar

2 Kornhús, Gata, Stóragerði, Litlagerði, Króktún og Magrivöllur voru hjáleigur Stórólshvols árið 1703.

3 Guðrún Alda Gísladóttir, 2004; Lísabet Guðmundsdóttir, 2018; Stefán Ólafsson, 2019; Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2020.

4 ÍF I, 347, 355; Páll Sigurðsson, 500.

5 DI XII, 6.

6 JÁM I, 216-219

7 JÁM I, 217-220.

voru þær farnar í eyði um aldamótin 1900 nema Ormsvöllur sem var í byggð til 1922.⁸

Hvolsvöllur er byggður úr landi Stórólshvols, á bökkum Öldunnar sem liggur í gegnum kauptúnið og setur svip á landið. Land jarðarinnar hefur nú að mestu verið lagt undir Hvolsvöll en kirkjan þjónar enn sem sóknarkirkja Stórólshvolssóknar. Segja má að upphaf þéttbýlismyndunar á Hvolsvelli hafi orðið þegar útibú frá kaupfélaginu í Hallgeirsey var opnað á þar árið 1930. Upp úr því fór byggð að þéttast, sýslumaður settist að á staðnum 1938 og eftir 1940 tók byggðin verulegan vaxtakipp.⁹ Um 1000 manns búa nú á Hvolsvelli og byggir þorpið afkomu sína á almennri þjónustu sem og ferðaþjónustu.¹⁰

Deiliskipulagsreiturinn var skráður sumarið 2020 er um 5 ha stór og er austan við hjúkrunarheimilið Kirkjuhol. Hann er innan gamla heimatúns Stórólshvols að stórum hluta, en nær þó lengra til vesturs. Auk hjúkrunarheimilis eru á svæðinu íbúðarbyggð, sléttadar flatir og gönguleið upp á Hvolsfjall. Núverandi notkun svæðisins mætti því skilgreina sem blöndu af íbúðarbyggð/þjónustu og opnu svæði.

8 SB IV, 491.

9 SB IV, 531-533.

10 <https://www.hvolsvollur.is/is/mannlif/rangarthing-cystra/um-sveitarfelagid>

6. Helstu niðurstöður

Samtals voru skráðar 12 fornleifar á 11 minjastöðum innan og skammt utan við mörk deiliskráningarreits. Í öllum tilfellum nema fjórum eru öll yfirborðsummerki um minjarnar horfin. Greinileg ummerki eru um túngarð RA-255:059, rétt RA-255:026 og útihús RA-255:007. Kirkja RA-255:002 stendur enn og er í notkun. Minjarnar endurspeglar landnýtingu svæðisins á fyrri tímum og tengjast landbúnaði og búsetu, enda er svæðið að mestu innan heimatúns tveggja jarða. Minjarnar eru allar skilgreindar í stórhættu en rétt er að ítreka að í hættumatinu er ekki fólgið mat á gildi fornleifanna.

Bæjarhóll Stórólshvols RA-225:001 er austarlega, fyrir miðju svæðisins. Hann er mikið raskaðður, sést ekki á yfirborði en óumdeilt er að minjar leynast þar enn undir sverði. M.a. sást glitta í mannvistarlög þegar rotþró var sett þar niður um 2003-2004. Bæjarhóll Magravallar RA-261:001 var nokkuð suðvestar en minjunum var rutt út um 1960 þegar íbúðarhús var byggt á staðnum og búast má við að öll ummerki bæjarins hafi þá horfið. Utan Magravallar eru allar þær minjar sem skráðar voru innan heimatúns Stórólshvols. Þær eru á brekkubrún vestan við bæinn og undir hlíðum Hvolsfjalls. Yfirvofandi framkvæmdir og trjárækt ógnar flestum minjastöðunum innan svæðis. Trjám hefur verið plantað víða í og við minjarnar og vegur lagður yfir bæjarhólinn.

Ráðgerðar framkvæmdir koma ekki til með að ógna minjastöðunum með beinum hætti, mikið jarðrask hefur þegar orðið innan deiliskráningarreitsins. Rétt er að minna á að reiturinn er innan heimatúns jarðar sem búast má við að hafi verið í byggð frá landnámi og mikilvægt að stíga varlega til jarðar þegar kemur að allri skipulagningu. Reynsla úr fornleifaskráningu hefur sýnt að í og við heimatún sé minjadreifing hvað þéttust. Talsverðar líkur eru því á að áður óþekktar minjar komi í ljós innan heimatúnsins, þrátt fyrir mikið jarðrask.

Það er rétt að vekja athygli hér í lok skýrslu á 22. og 23. grein laga um menningarminjar en í þeim segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Ennfremur segir: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.“

Minjastofnun Íslands mun taka afstöðu til áhrifa framkvæmdanna á fornminjar, hvort þau teljist ásættanleg og hvort nauðsynlegt sé að grípa til mótvægisáðgerða.

Heimildaskrá

Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906-1908. Landmælingar Íslands. Slóðin er: <http://atlas.lmi.is/kortasja/>

Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I-XVI. (DI) 1857-1972. Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Guðrún Alda Gísladóttir. 2004. *Fornleifaskráning á Hvolsvelli og í nágrenni. FS232-04012*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Íslensk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma. (ÍF I). 1968. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (JÁM I). 1913-1917. Vestmannaeyjar og Rangárvallasýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller and Hið íslenska fræðafélag.

Johnsen, J. (JJ). 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Lísabet Guðmundsdóttir. 2019. *Fornleifarannsókn á meintum rústahól í Sýslumannstúni á Hvolsvelli. FS710-18371*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Páll Sigurðsson. 1992. *Svipmyndir úr réttarsögu. Ættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar*. Reykjavík: Bókaútgáfan Skjaldborg.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2020. *Deiliskráning á Hvolsvelli. Ofanbyggðavegur. FS805-20351*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Stefán Ólafsson. 2019. *Könnunarskurður við Hvolsvöll. Framkvæmdarannsókn. FS759-19291*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Sunnlenskar byggðir. Rangárþing austan Eystri-Rangár (SB). IV. bindi. Búnaðarsamband Suðurlands, [án útgáfust.] 1982.

Sveinn Níelsson o.fl. 1949. *Prestatal og prófaste á Íslandi. (PP)*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. Rangárvallasýsla. (SSR). 1840. Reykjavík: Sögufélag.

Túnakort í Hvolshreppi 1917. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Hvolsvöllur og umhverfi: Örnefnaskrá Hvolsvallar og umhverfis. Án ártals.
Bergsteinn Kristjánsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í
íslenskum fræðum.

Ö-Hvolsvöllur athugasemdir: Athugasemdir við örnefnaskrá Hvolsvallar. Án ártals.
Þórður Tómasson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum
fræðum.

Viðauki I: Hnitaskrá í ISN93

Samtala	A	N
255005	440156.895	361467.688
255007	440172.325	361489.068
255004	440172.144	361468.264
255003	440164.679	361458.440
255001 1	440149.095	361482.215
255001 2	440124.832	361477.230
255059	440153.524	361538.094
261001	439998.828	361363.990
255002	440145.330	361430.885
255060	440121.005	361427.128
255026	440148.338	361519.737
255006	440146.964	361499.020

Viðauki II: Minjakort

